



FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD
felagsradgjof.hi.is



Diplómanám um áfengis- og vímuefnamál

Diplómanám um áfengis- og vímuefnamál er sjálfstætt 30 eininga þverfræðilegt nám að loknu BA-, eða sambærilegu háskólaprófi (30 ects)

Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði áfengis- og vímuefnamála. Nemendur fá fræðilega og hagnýta þekkingu um málefni þeirra sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda og áhrif vímuefnaröskunar á einstaklinga, fjölskyldumeðlimi og fjölskyldukerfi. Nemendur öðlast einnig fræðilega og hagnýta þekkingu á forvörnum, meðferðarúrræðum og þeim þáttum sem hafa áhrif á stefnumörkun og stjórnun málaflokksins.

Námsleiðin er ætluð þeim sem starfa með áfengis- og vímuefnasjúkum og fjölskyldum þeirra, s.s. félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, lýðheilsufræðingum, iðjubjálfum, guðfræðingum, sjúkrabjálfum og læknum.

Skipulag námsins:

- Áfengis- og vímuefnamál I: Stefnumótun, þverfagleg nálgun og skilgreiningar (10e)
- Áfengis- og vímuefnamál II: Meðferðarlíkon, forvarnir og vinnulag með áfengis- og vímuefnasjúkum (10e)
- Aðferðir í fjölskyldumeðferðarvinnu áfengis- og vímuefnasjúkra (10e)

Kennt er eitt námskeið á haustmíssi og tvö á vormíssi.

Kennsla fer fram tvo samfellda daga í mánuði, fimmtudag og föstudag, sem auðveldar nemendum að sinna náminu meðfram vinnu ef svo ber undir.

Nánari upplýsingar er að finna í kennsluskra Háskóla Íslands og á heimasíðu Félagssráðgjafardeildar hi.is/felagsradgjafardeild

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD